

Fundur Oddvitaneftndar UTU haldinn í fjarfundi þriðjudaginn 6. október 2020, kl. 13:30.

Mætt voru, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Ása Valdís Árnadóttir, Eydís Indriðadóttir og Ásta B. Ólafsdóttir.

Fundinn sátu einnig Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Valtýr Valtýsson, Ingibjörg Harðardóttir og Hannibal Kjartansson

Jón stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Sumarið og staðan nú.

Jón og Hannibal fóru yfir stöðuna og hvernig verkið hefur gengið en skipulögð verkefni klárast trúlega í næstu viku en veðurfar hefur verið hagstætt. Tekið hefur verið á móti ca. 630 tonnum af seyru en þar af eru um 80 tonn frá Rangárþingi Ytra og Eystra. Notast hefur verið við verkið bæði hreinsibifreið seyruverkefnisins og bifreiðar Hreinsitækni en fleiri rotþrær verða hreinsaðar á þessu ári en því síðasta. Er það m.a. vegna þess að búið er að vinna niður lista þeirra rotþróa sem ekki tókst að komast í á síðasta ári og að skipulagðar hreinsanir á þessu ári ættu að klárast.

Þá var farið yfir stöðu rekstar í bókhaldi sem er brotið er niður fjóra rekstarþætti, þ.e. rekstur Seyrustaða, hreinsibifreiðar, þjónustufulltrúa og fjárfestingar.

Upplýst var að húsið að Flatholti 2 (Seyrustaðir) eru komu inn í fasteignamat í lok september og lagðar voru fram upplýsingar um áætluð opinber gjöld af eigninni sem þó verða ekki lögð á á árinu 2020.

2. Drög að endurnýjun á samstarfssamningi Næstu skerf.

Jón fór yfir drög að endurnýjun á samstarfssamningi sveitarfélaganna og helstu breytingar sem þurfi að ræða. Þar þarf m.a. að vinna að greiningu á föstum og breytilegum kostnaði o.fl. sem tengist skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins. Þá var rætt um fasteignina að Flatholti 2 og nauðsyn þess að skrá eignarhaldið á sveitarfélögin og ganga frá hefðbundnum lóðaleigusamningi. Þá var rætt um að huga þurfi að fjárhagsáætlun næsta árs og gjaldskrármálum og útfærslu hennar.

Samþykkt var að þriggja manna hópur, Jón, Ásta og Ingibjörg/Ása myndu hittast og greina fjárhagsleg atriði rekstursins og fleiri atriði sem snerta hann og útfærslu samstarfssamningsins.

Fundi slitið kl. 15:00.